



SEX PÖR Á LISTAHÁTÍÐ

Það verður sannkölluð dansveisla í Tjarnarbíói á Listahátíð þegar **frumflutt verða sex dans- og tónverk á einu kvöldi þann 31. maí**. Undanfarna mánuði hafa sex pör, sem hvert samanstendur af danshöfundum og tónskáldum, unnið saman að sköpun þessara verka. Tónskáldin og danshöfundarnir eru: **Hilmar Örn Hilmarsson og Helena Jónsdóttir, Ólöf Arnalds og Erna Ómarsdóttir, Þórarinn Guðnason og Sigríður Soffía Níelsdóttir, Áskell Músson og Lára Stefánsdóttir, Daniel Bjarnason og Margrét Bjarnadóttir; og Hildigunnur Rúnarsdóttir og Steinunn Ketilsdóttir.**

SKOÐA MYNDSKEIÐ

KAUPA MIÐA

HVAR ERTU, SKRÍMSLI?

Erna Ómarsdóttir og hópur hennar leita uppi skrímslin í tilverunni í verkinu **Við sáum skrímsli**, sem sýnt er í Þjóðleikhúsinu á Listahátíð **föstudaginn 20. maí og laugardaginn 21. maí**. Við sáum skrímsli er ljóðrænt verk þar sem hryllingur eins og hann birtist í trúarbrögðum, þjóðsögum, kvikmyndum og raunveruleikanum er skoðaður í gegnum dans, söng, tónlist og myndlist.

Með Ernu koma fram **Ásgeir Helgi Magnússon, Lovísa Ósk Gunnarsdóttir, Sigríður Soffía Níelsdóttir, Valdimar Jóhannsson og Sigtryggur Berg Sigmarsson.**

SKOÐA MYNDSKEIÐ

KAUPA MIÐA

DANSGLEÐI OG HÚMOR

Les Slovaks er flokkur fimm framúrskarandi karldansara frá Slóvakíu, sem allir hafa dansað fyrir fremstu danshöfunda Evrópu og saman frá árinu 2006 í dansflokki sínum Les Slovaks. Þeir koma á Listahátíð með sýninguna **Opening Night** sem sýnd verður á stóra sviði Borgarleikhússins **sunnudaginn 22. maí**. Einnig munu þeir halda námskeið fyrir dansara ÍD og dansnema Listaháskólans.

„Sýning sem er yfirfull af strákslegum krafti og smitandi prakkaralegum húmor, sköpuð af fimm snillingum í danslistinni“ **Dagens Nyheter**

SKOÐA MYNDSKEIÐ

KAUPA MIÐA



Listahátíð í Reykjavík / Reykjavík Arts Festival
Lækjargata 3 | Pósthólf 88 | 121 Reykjavík
Sími: (+354) 561 2444 | Fax: (+354) 562 2350
www.listahatid.is | artfest@artfest.is



SAMSKIP

Iceland Express



Aðalsamstarfsaðilar Listahátíðar í Reykjavík

Sérðu ekki viðhengi þessa pósts? [smelltu hér](#)

» [Afskrá mig af þessum póstlista](#)